

## GJALDSKRÁ fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

### 1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróar-gjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveit í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

### 2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	8.300	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	10.000	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	11.900	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	3.150	pr./m <sup>3</sup>

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

### 3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. nóvember 2019, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveit í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1096/2018.

*Hvammstanga, 14. nóvember 2019.*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2019